

## Niðurstaða gjaldeyrisútboða

Hinn 9. desember 2014 bauðst Seðlabanki Íslands til að kaupa evrur í skiptum fyrir íslenskar krónur til fjárfestingar til langs tíma í íslensku atvinnulífi eða gegn greiðslu í ríkisverðbréfum í flokknum RIKS 33 0321. Jafnframt kallaði Seðlabanki Íslands eftir tilboðum frá aðilum sem vildu selja íslenskar krónur gegn greiðslu í reiðufé í erlendum gjaldeyri. Útboðin tvö um kaup á evrum fóru fram á milli kl. 9:30 og 10:30 í dag. Krónukaupaútboðið fór fram á milli kl. 10:45 og 11:45. Útboðin voru liður í losun hafta á fjármagnsviðskiptum, samanber áætlun Seðlabankans um losun gjaldeyrishafta frá 25. mars 2011. Þetta má einnig sjá í skilmálum Seðlabanka Íslands um gjaldeyrisviðskipti samkvæmt fjárfestingarleið að losun gjaldeyrishafta með síðari breytingum frá 18. nóvember 2011.

### Niðurstaða útboða um kaup á evrum

Alls bárust 130 tilboð að fjárhæð 62,4 milljónir evra og var tilboðum að fjárhæð 60,7 milljónir evra tekið. Útboðsverð í útboði fjárfestingarleiðar var ákveðið með þeim hætti að öll samþykkt tilboð voru tekin á sama verði (e. single price), sem var ákvarðað 195 kr. fyrir hverja evru. Útboðsverð í útboði ríkisverðbréfaeiðar var ákveðið með þeim hætti að öll samþykkt tilboð voru tekin á sama verði (e. single price), sem var ákvarðað 178 kr. fyrir hverja evru. Tilboð sem bárust á genginu 178 krónur fyrir hverja evru voru lækkuð hlutfallslega um 44,1011%.

Lykiltölur	Alls	Ríkisverðbréf	Fjárfestingarleið
Fjöldi tilboða	130	38	92
Heildarfjárhæð EUR	62,4 m	3,9 m	58,5 m
Tekin tilboð EUR	60,7 m	2,2 m	58,5 m

Sem greiðslu fyrir gjaldeyrinn í ríkisverðbréfaeiðinni fá fjárfestar afhent verðtryggð ríkisverðbréf RIKS 33 0321. Samtals voru seld bréf í flokknum fyrir 355 milljónir króna að nafnvirði. Sem greiðslu fyrir gjaldeyrinn í fjárfestingarleiðinni fá fjárfestar íslenskar krónur til fjárfestingar til langs tíma í íslensku atvinnulífi. Samtals voru keyptar evrur að andvirði 11,8 ma.kr. í útboðunum tveimur.

Niðurstaða útboðs um kaup á krónum fyrir evrur

Útboðsverðið var ákveðið með þeim hætti að öll samþykkt tilboð voru tekin á sama verði (e. single price), sem var ákvarðað 200 kr. fyrir hverja evru. Alls bárust 81 tilboð að fjárhæð 57,9 ma.kr. og var tilboðum að fjárhæð 11,8 ma.kr. tekið. Tilboð sem bárust á genginu 200 krónur fyrir hverja evru voru lækkuð hlutfallslega um 51,8816%.

Lykiltölur	Alls
Fjöldi tilboða	81
Heildarupphæð ma.kr.	57,9
Tekin tilboð ma.kr.	11,8

Nánari upplýsingar veitir Arnór Sighvatsson aðstoðarseðlabankastjóri í síma 569-9600.